



GOLFKLÚBBUR



MOSFELLSBÆJAR

Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Skýrsla stjórnar starfsárið 2024
Aðalfundur 2. Desember 2024

Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Niðurstaða ársins er hagnaður upp á rúmlega 9 milljónir króna. Með styrk frá Mosfellsbæ vegna nýframkvæmda á Hlíðavelli er heildarafkoma ársins jákvæð um tæpar 28 milljónir króna. Það er mikilvægt að rekstur klúbbsins sé öruggur og góður og er það ánægju efni hvernig til hefur tekist og munum við halda áfram á sömu braut. Við viljum sýna aðhald í rekstri og teljum að okkur hafi tekist vel til undanfarin ár.

Starf stjórnar

Á aðalfundi í desember 2023 var stjórn kjörin en hana skipa:

Kári Tryggvason – Formaður
Andrea Jónsdóttir - Varaformaður
Steinþór Pálsson – Gjaldkeri
Írunn Ketilsdóttir – Ritari
Arna Rún Kristjánsdóttir – Meðstjórnandi
Siggeir Kolbeinsson – Meðstjórnandi
Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi


Haldnir voru 11 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

Vallarsvæðin

Sumarið var að mörgu leiti sérstakt, vorið var okkur gott og við opnuðum bæði vallarsvæðin í byrjun maí, Hlíðavöll 5. maí og Bakkakotið þann 9. maí. Það er óhætt að fullyrða að báðir vellir voru virkilega góðir þegar við opnuðum og voru frábærir í allt sumar. Það er ekki sjálfgefið að svo sé og getum við verið stolt af því. Við erum með mjög öflugt og flott lið vallarstarfsmanna undir öruggri handleiðslu Bjarna yfirvallastjóra.

Það voru spilaðir rúmlega 70.000 hringir á báðum völlum í sumar sem er aukning upp á rétt tæplega 2.000 hringi frá því í fyrra. Veðrið lék okkur grátt eins og flestir vita, talsverð væta og nokkuð vindasamt. Það hafði þó ekki mikil áhrif á spil og voru kylfingar duglegir að fara út á golfvöll þrátt fyrir misjafna tíð.

Það er gaman að sjá þá aukningu á spili sem orðið hefur í Bakkakoti. Sá völlur er okkur gríðarlega mikilvægur og ánægjulegt að sjá hversu góður hann er. Við leggjum mikinn metnað í bæði vallarsvæðin þegar kemur að viðhaldi og við sjáum það í viðhorfskönnunni sem við sendum út árlega að félagsmenn eru mjög ánægðir með báða velli. Við munum opna tvær nýjar brautir í Bakkakoti næsta sumar og munu gæði vallarins aukast talsvert við það. Fyrsta brautin hefur reynst erfið fyrir vel flesta kylfinga og það verða ansi margir fegnir að losna við hana. Nýju brautirnar eru svo sannarlega glæsilegar og hlökkum við mikið til að byrja að spila þessar brautir, vonandi um mitt næsta sumar.



Leiknir hringir	Bakkakot	Hlíðavöllur
2015	15932	21722
2016	14618	23391
2017	15752	23041
2018	10763	21910
2019	17043	26197
2020	19358	29058
2021	21887	32502
2022	25245	37022
2023	28220	41889
2024	30149	40863

Félags og íþróttastarf.

Félags og íþróttastarfið okkar gengur vel og erum við ávallt að sjá fleiri og fleiri kylfinga taka þátt í starfinu. Það er gaman að sjá árangur undanfarinna ára vera að skila sér. Við förum af stað í þá vegferð fyrir nokkrum árum að efla og stækka golfskólann okkar, það hefur skilað sér í auknum fjölda kylfinga í kringum 10 til 14 ára aldur. Margir þessara krakka eru ótrúlega dugleg að æfa og spila, eyða miklum tíma hjá okkur hvort sem það er úti á velli á sumrin eða inni á veturna.

Íþrótt og afreksstarfið hefur gengið mjög vel og í ár eignuðumst við 9 Íslandsmeistara. Undanfarin tvö ár vorum við með 8 titla á hvoru ári og erum við virkilega stolt af okkar fólki sem heldur áfram að bæta titlum í safnið og halda merkjum GM á lofti. Það er alltaf markmið að vera í fremstu röð kylfinga á Íslandi. Í skýrslu íþróttastjóra sem kemur hér á eftir er farið yfir helstu sigra og árangur í sumar.

Í haust náði Nick Carlson þeim frábæra árangri að tryggði sér fullan þátttökurétt á Challenge tour mótaröðinni í Evrópu og verður gaman að fylgjast með honum þar á næsta ári.



Við erum með öfluga og góða kvennanefnd sem stendur fyrir skemmtilegum viðburðum vikulega yfir sumartímann og þátttaka í því starfi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Hlutfall kvenna í klúbbum er einnig að aukast og spilar öflugt og flott kvennastarf stórt hlutverk þar, enda til mikilla fyrirmyndar.

Starfið hjá kylfingum 65 ára og eldri heldur áfram að eflast og er virkilega gaman að fylgjast með hversu vel gengur. Miðvikudagar eru þeirra dagar og þá er hist og haft gaman. Yfir sumarmánuðina er spilað golf á okkar völlum ásamt því að fara í heimsóknir á aðra golfvelli. Yfir vetrarmánuðina er einnig öflug og góð dagskrá. Þá er spilað hermagolf, púttað, félagsvist, bingó, fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar ásamt ýmsu öðru.

Nánar er farið í þetta hér aftar í skýrslunni þar sem finna má skýrslu kvennanefndar og öldunganefndar.




Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði á árinu og taldi í lok sumars 2.280 meðlimi.

Við erum með svipaðan fjölda og í fyrra og teljum okkur vera á réttum stað hvað varðar fjölda meðlima í GM. Það er mikilvægt að aðgengi að rástímum sé gott og kom það bersýnilega fram í viðhorfskönnuninni að félagsmenn eru heilt yfir ánægðir með sitt aðgengi að rástímum.

Hvernig finnst þér aðgengi að rástímum í sumar, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 458 Skipped: 7



	1	2	3	4	5	VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
▼ á HLÍÐAVELLI	8.07% 36	17.26% 77	30.94% 138	30.72% 137	7.40% 33	5.61% 25	446	3.13
▼ í BAKKAKOTI	1.35% 6	6.28% 28	23.54% 105	38.34% 171	16.37% 73	14.13% 63	446	3.72

Á myndunum hér að neðan má sjá hvernig félagar í GM skiptast á milli kynja, aldurshópa og forgjafar.

Virk eftir kyni og aldurshópi *			
Aldurshópur	Kona	Karlar	Samtals
0-6 ár	6	8	14
7-12 ára	76	106	182
13-18 ára	55	140	195
19-24 ára	20	109	129
25-39 ára	55	350	405
40-59 ára	274	429	703
60-69 ára	183	236	419
70 ára og eldri	82	151	233
Samtals	751	1529	2280

Virk eftir kyni og forgjafarhópi *			
Forgjafarhópur	Kona	Karlar	Samtals
Hópur 1: Lægri en 4,5	14	49	63
Hópur 2: 4,5-11,4	13	130	143
Hópur 3: 11,5-18,4	31	291	322
Hópur 4: 18,5-26,4	66	390	456
Hópur 5: 26,5-36,0	180	287	467
Hópur 6: 37-54	447	382	829
Samtals	751	1529	2280

Veitingasala

Reksturinn hefur gengið ágætlega og kylfingar verið duglegir að setjast niður fyrir eða eftir hring í klúbbhúsinu. Í vor var farið í breytingar í golfskálanum í Bakkakoti ásamt því að nýjir vertar tóku við. Það var mikil ánægja með breytingarnar sem og nýju vertana okkar þau Jónínu og Birgi. Við höldum áfram að bæta aðstöðuna í Bakkakoti. Nú er verið að klæða nýja garðskálann að innan, þannig að hann verður tilbúinn í fulla notkun strax í vor. Einnig erum við að laga útisvæðið með því að stækka sólpallinn aðeins. Það hefur gengið vel á Blik og erum við ánægð með þá þróun sem hefur átt sér stað þar, við höldum að sjálfsögðu áfram að efla reksturinn og þjónustuna og ætlum í vetur að fara í breytingar á Litla salnum og búa þar til góða setustofu (Members lounge eins og það kallast víða erlendis á golfvöllum). Í viðhorfskönnunni kom það bersýnilega fram að félagsmenn eru virkilega ánægðir með Blik bistro og veitingasöluna í Bakkakoti. Við fengum marga góða punkta um hvað er í lagi og hvað má gera betur og munum við nýta veturinn í það að fara yfir það og koma sterk inn næsta vor þar sem þjónustu við félagsmenn og aðra kylfinga verður í fyrirrúmi.

Hlíðavöllur og Bakkakot – framtíðarhorfur.

Í skýrslu stjórnar frá því í fyrra var komið inn á það að árið 2010 vann Edwin Roald fyrstu tillögu að breytingum á fyrri 9 holum Hlíðavallar sem fólu í sér að fara inn með hestagerðinu norðan megin við 5. braut og í austur. Með þessu móti gætum við lagt niður brautir 2, 3, og 4 í núverandi mynd. Hugmyndin er svo að setja lítinn æfingavöll þar sem núverandi brautir 2. og 3. eru og þeim breytt í nokkrar þar 3 holur brautir/æfingasvæði til afnota fyrir Mosfellinga sem og okkar félagsmenn. Í vor var undirritaður samningur við Mosfellsbæ þess efnis að GM fengi aukið landsvæði sem nemur ca 6 hektörum (að undangengnum skipulagsbreytingum og vinnu tengt því) til austurs inn með Leiruvoginum. Einnig var tryggt fjármagn til þess að fara af stað í hönnunar og skipulagsvinnu ásamt því að byggja upp þrjár nýjar golfbrautir. Við þennan samning samþykkti GM að stytta þáverandi 4. braut og gera hana að þar þrjú holu og mun hún spilast þannig næstu eitt til tvö ár.



Á myndinni hér að ofan má svo sjá þá tillögu um hvernig völlurinn verður spilaður eftir að hann verður fullkláraður. Þetta eru frumdrög og það gæti ýmislegt breyst, en þetta er hugmyndin eins og hún er í dag.

Þegar af þessu verður mun Hlíðavöllur verða einn af allra bestum völlum landsins og uppfylla helstu skilyrði til þess að halda hér stórmót. Einnig mun aðstaða til æfinga stórbatna þar sem

fyrirhugað er að byggja lítill 6 holu golfvöll ásamt pútt og vippflötum á því svæði sem önnur og þriðja brautin eru á í dag.

Framkvæmdir við breytingar á Bakkakoti héldu áfram í sumar. Klárað var að sá í flatir og teiga á nýju brautunum í lok júní og tókst sú sáning virkilega vel. Um miðjan júlí var svo sáð í brautirnar og tókst það ekki eins vel þar sem að veðrið var okkur óhagstætt, kalt og blautt. Í vor verður yfirsáð í brautirnar og er það okkar von að hægt verði að opna þær fyrir leik í lok júní 2025.



Horft eftir nýju 1. holunni í Bakkakoti.

Inniaðstaðan.

Síðastliðinn vetur fjölguðum við hermunum í fimm talsins og er óhætt að fullyrða að það hafi verið góð viðbót, sérstaklega þegar kemur að æfingum hjá okkar kylfingum. Nú geta fleiri verið á sama staðnum við æfingar í opna rýminu. Á sama tíma getur hin almenni kylfingur notað lokaða rýmið að vild. Við gerum okkur grein fyrir því að við þurfum stærri aðstöðu innandyra til þess að sinna öllu okkar starfi eins og best verður á kosið og erum við að vinna í því að fá aukið rými.



Skýrsla vallanefndar

Sumarið 2024 fer í bækurnar fyrir að vera það kaldasta sem undirritaður hefur upplifað á 30 ára starfsferli. Meðalhiti heitasta mánaðar ársins var ekki nema 9.9°C. Leita þarf ansi langt aftur í veðurfarsgögn til að finna sumar þar sem engin mánuður nær meðalhita yfir 10°C. Að auki var þetta eitt af blautari árum sem við höfum lent í.

Árið byrjaði þó betur en árið á undan þar sem við lentum í töluverðu kali og þurftum að ná mörgum flötum til baka. Í ár komu flatir vel undan og við vorum fljótt komin með gott rennsli, bæði í Bakkakoti og á Hlíðavelli. Flatirnar voru því almennt góðar þetta sumarið þrátt fyrir kulda og bleytu. Hlíðavöllur var opnaður 5. maí og svo Bakkakotið 9. Maí.

Heilsársstarfsmenn í ár voru 4 talsins, Bjarni Þór Hannesson yfirvallastjóri, Felix Frederic Starke vallstjóri Hlíðavallar, Óli Þór Júlíusson vallastjóri Bakkakotsvallar og Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir garðirkjustjóri. Vélamaðurinn okkar undanfarin, Pétur Leó Hrannarsson fór í launalaust leyfi og starfaði á ekki ómerkilegri velli en Muirfield Village í Ohio ríki í Bandaríkjunum. Völlurinn er í eigu Jack Niclaus og þar er haldið stórt atvinnumanna mót ár

hvert sem ekki ómerkilegri menn en Tiger Woods hefur unnið oft en einu sinni. Pétur hefur fengið gríðarlega reynslu af því að vinna á hæsta stigi geirans í USA. Dýrmæt reynsla fyrir okkar mann.

Verkefni sumarsins

Hlíðavöllur.

Haustið 2023 byrjuðum við að vinna í drenum á 16. brautinni sem alltaf hefur verið afskaplega blaut. Mokaðir voru um 400 m af drenskurðum, í þá settir drenbarkar og fylltir upp með mól og sandi. Flutningsæðar kerfisins voru tyrfdar, þar sem skurðirnir þar voru breiðari. Ætlunin var að láta hliðarlagnir kerfisins gróa saman með sáningu, aðallega til að hámarka flæði í gegnum yfirborðið fyrir ofan skurðina þar sem tyrfing hefði getað hægt á því ferli. Kuldin hjálpaði lítið til með sáningar í skurðunum, en við teljum að þeir ættu að ná sér að fullu næsta sumar.



Teikning af drenlögnum sem lagðar voru í 16. Brautina.

Drenkerfið sannaði gildi sitt í sumar eftir miklar rigningar. Brautin var allt önnur og auðveldaði leik mikið. Næst verður ráðist í að drema meðfram 17. Brautinni sem mun einnig hafa áhrif á 16. Brautina, þar sem þessi tvö kerfi eru í raun hugsuð sem eitt heildar kerfi.

Aftari teigar á 1. og 2. braut voru lagfærðir og lagt í þá vökvunarkerfi. Einnig var nýr teigur byggður á 4. Braut, sem verður í framtíðinni hluti af teigasettum á 9. braut miðað við núverandi áætlanir um breytingar á Hlíðavelli. Sáð var í teigana, en erfitt veður skilaði óvenju litlum árangri, ásamt því að mikið af sýkingum komst í grasið sem hægði töluvert á ferlinu. Gert er ráð fyrir því að teigarnir verði klárir snemma næsta sumar.



Annar teigur lagfærður og sléttur (th) og svo eftir sáningu seinni part sumars.

Í lok árs var svo farið í að leggja dren fyrir framan 10. flöt þar sem pollar myndast gjarnan í miklum rigningum. Klöpp liggur meðfram hægri hlið flatarinnar sem þurfti að brjóta úr til koma lögnum fyrir. Niðurfall er komið þar sem helstu pollar mynduðust alltaf.

Bakkakot

Í bakkakoti héldu framkvæmdir áfram á nýju 1. og 2. braut. Veður setti mikinn strik í reikninginn og það tókst illa að rækta upp úr sáningum utan flatanna. Flatirnar eru langt komnar og verða klárar snemma næsta vor, en það er eitthvað lengra í að brautir loki sér fullkomlega. Við gerum samt ráð fyrir því að opna inn á nýju brautirnar um mitt sumar 2025.

Vökvunarkerfi var lagt í 5. flöt í haust, ásamt aftari teig á 6. braut. Áfram verður unnið að því að koma kerfi í flatir 4. og 6 snemma á næsta ári. Með tilkomu nýrra flata verður svo Bakkakotið allt komið með sjálfvirkt vökvunarkerfi, sem auðveldar vinnu vallarstarfsmanna mikið á þurrum sumrum.

Töluverð vinna hefur farið í snyrtingu trjágróðurs í Bakkakoti, enda af nægu að taka. Trjágróðurinn setur skemmtilegan svip á Kotið, en það fer líka mikil vinna í að halda honum innan skefjar þannig að hann sé ekki til ama, frekar til prýði.



Horft til baka niður fyrstu braut í Bakkakoti og svo inneftir annari braut til hægri.

Kær kveðja.

Bjarni Þór Hannesson, Yfirvallastjóri.

Skýrsla kvennanefndar

Eftir skemmtilegt og gott sumar viljum við byrja á því að þakka kærlega fyrir okkur. Takk kæru vinkonur og fyrir að vera svona duglegar að taka þátt í kvennastarfinu okkar og gera það svona skemmtilegt. Það var margt og mikið brallað saman í sumar og erum við nefndin virkilega ánægðar með starfið og þátttökuna í ár. Einnig þökkum við styrktaraðilum okkar kærlega fyrir stuðninginn.

Dagskrá kvennastarfs GM hefur verið fjölbreytt í vetur og sumar:

Golfhermamót - vetrarstarf

Þar sem við misstum púttastöðuna okkar þá vorum við með skemmtilega golfhermamótaröð þar sem voru spilaðar voru 6 umferðir og 3 bestu umferðir töldu til úrslita. Þetta var skemmtileg tilbreyting sem verður spennandi að þróa áfram í vetur með GM konum.



Vorfagnaður

Kvennanefndin bauð aftur til vorfagnaðar “Vertu velkomið golfsumarið 2024”. Þar komu GM konur saman og áttu skemmtilega kvöldstund. Boðið var upp á fordrykk og léttu smárétti að hætti Blik Bistro, dagskrá golfsumarsins 2024 kynnt og nýjar GM konur boðnar velkomnar. Við vorum jafnframt með tískusýningu frá Golf Company og Cutter & Buck og fengum sjálfbóðaliða frá GM konum til að sýna og stóðu þær sig með prýði á sýningarpöllum. Cutter & Buck mætti svo til okkar og voru með pop up verslun og buðu GM konur upp á flottan fatnað og vörur á frábæru verði. Þetta var skemmtilegt kvöld og gaman að hittast í upphitun fyrir komandi golfsumar.

Regluleg þriðjudags spil

GM konur eiga frátekna rástíma alla þriðjudaga frá maí til lok ágúst á milli kl 17 og 18.30 þegar spilað er í Bakkakoti og frá kl. 17-18 á Hlíðarvelli þegar við spilum þar. Skráning í þriðjudags spil og mót fer fram í gegnum golfboxið og er mikil eftirspurn eftir þeim tímum og fyllast tímar að jafnan hratt. Ljóst er að með fjölgun kvenna í GM mætti skoða að fjölga rástímum í takt við þá þróun. Þá varð sú breyting gerð frá fyrri árum að við hófum að rukka kr. 1000 fyrir litlu mótin sem voru haldin yfir sumarið til að eiga sjóð fyrir flotta vinninga á mótum GM kvenna yfir sumarið.



Púttmót - telja púttin

Við hófum golfsumarið með laufléttu púttmóti sem gekk út á að telja púttin en ekki höggin eins og við gerum venjulega. Frábær leið til að leggja sérstaka áherslu og fókus á púttin sem við viljum allar fækka til að lækka skorið! Nýtt mót hjá okkur og virkilega skemmtilegt. Þarna skiptir stutta spilið bara máli og þá þarf að leggja spilið þannig upp að ekki fara alveg inn á flötina strax því að púttin voru einungis talin. Óhætt að segja að keppnisskapið kom upp í okkur flestum.

Vinkvennamót Leynir á Hlíðarvelli

Leynis konur byrjuðu á því að koma til okkar á Hlíðarvöll. Fyrirkomulagið er þannig að það eru 2 GM konur og 2 Leynis konur í hverju holti. Eins og okkur GM konum er einum lagið þá var mun meiri aðsókn frá GM konum. Við spiludum í ágætis veðri á Hlíðavelli og svo var verðlaunað fyrir mótið inni í hliðarsalnum á Blik og veitt voru glæsileg verðlaun. Síðan nokkrum vikum seinna fórum við upp á Akranes í vægt til orða tekið hræðilegu veðri, en þetta verður amk skemmtileg minning þó engin met hafi verið slegin skorlega séð :)

Pilsa og hattamót, Cutter & Buck

Það var svo skemmtilegt að sjá allar konurnar okkar í kjólum og með hatta að spila golf. Reglurnar voru einfaldar, kjóll/pils og hattur og það mátti ekki vera hefðbundinn golffatnaður sem að gerði þetta aðeins erfiðara því að það getur verið erfitt að spila golf í kjól eða pils. Stórskemmtilegt mót í yndislegtu veðri í Bakkakotinu okkar. Cutter & Buck mætti svo aftur með pop-up verslun fyrir okkur og lagði til flott verðlaun í mótinu.

Hefnd nefndarinnar

Þetta mót hét áður Rauðhetta en okkur fannst kominn tími á að breyta um nafn því að “Hefnd nefndarinnar” hljómar svo skemmtilega. Í þessu móti voru ýmsar þrautir lagðar á brautirnar, til að nefna nokkrar þrautir: réttthent kona þurfti að taka upphafshögg með örvhentri kylfu og síðan öfugt, upphafshögg á einni braut þurfti að taka með ullarvettling, á einni braut þurfti að húlla 5 hringi fyrir upphafshögg - þar kom í ljós hversu hugmyndaþríkar GM konur eru því það er hægt að húlla á ýmsan hátt.

Haustferð – lokahóf

Hin árlega haustferð GM kvenna var að þessu sinni á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði hjá Keili. Við notuðum sjóðinn okkar frá sumrinu til þess að greiða niður haustferðina og gátum við því niðurgreitt kr. 3000 pr GM konu í lokamótið :) Án þess hefði fullt verð verið kr. 16.990 kr. í stað kr. 13.900.

Við spiluðum í krefjandi vindi (þá sérstaklega í stífum vindi á fyrstu þremur í hrauninu) en sem betur fer var ekki of kalt en lognið fór bara ansi hratt yfir. Rástímar voru milli kl 10 og 13, við fengum okkur að snæða í klúbbhúsinu ýmist fyrir eða eftir hring. Síðan hittumst við aftur á Blik kl 19 og þar beið okkar kalkúnahlaðborð, drykkir, kaffi og desert og skemmtum okkur konunglega. Það voru veitt verðlaun fyrir bæði högggleik og punktkeppni, lengsta drive, nándarverðlaun auk fyrirfram ákveðinna sætis verðlauna. Samtals vorum við með um 34 verðlaun og þökkum við sérstaklega þeim félagskonum sem gátu lagt til verðlauna, það er ómetanlegt.

Við kvöddum 2 nefndarkonur þær Kolbrúnu Ýr og Rakel Ýr.

Við erum búnar að eiga yndislegt samstarf saman og buðum 2 nýjar nefndarkonur velkomnar þær Lenu Ýr (gott að halda Ýrar nafninu við :)) og Karítas Dan og hlökkum mikið til samstarfsins með þeim.

Að lokum viljum við þakka fyrir okkur og ykkur í sumar, án ykkar kæru GM konur væri ekki til kvennanefnd GM.

Knús & kossar

Kvennanefndin 2023-2024

Kolbrún Ýr

Rakel Ýr

Kolbrún Klara

Rakel Lind

Þóra H. Passauer

65+ KYLFINGAR

Starfsemi GM 65+ fór af stað vorið 2022 og er óhætt að segja að þátttaka í viðburðum hópsins hafi heldur betur vaxið. Hópurinn hefur eigin FB síðu þar sem 321 eru skráðir meðlimir og eru um 70 - 90 manns sem taka þátt í viðburðum á vegum nefndarinnar.

Eins og fyrri ár stendur GM 65+ nefndin fyrir viðburðum alla miðvikudagsmorgna og er markmið þess að efla þátttöku eldri kylfinga. Klúbburinn vill með því stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu og betri félagstengingu eldri kylfinga GM.

Í október fór 55 manna GM 65+ hópur í golfferð til Costa Ballena og voru elstu þátttakendur komnir vel að níræðu. Ferðin var ótrúlega vel heppnuð og má segja að þrátt fyrir að veðrið hafi ekki leikið við hópinn alla daga þá var mikil gleði og samstaða í hópnum. Mikil ánægja er með þetta tilboð klúbbsins og erum við nú að undirbúa nýja haustferð fyrir 65+ hópinn 2025.



Vetrardagskráin er komin í loftið og eins og undanfarin ár er fjölbreytt dagskrá alla miðvikudagsmorgna. Fræðsluþema á haustdagskrá eru fjármál eldri borgara og var fyrra fræðsluerindið á dagsskrá 6. nóvember. Þar fjallaði Elín Sigrún Jónsdóttir lögfræðingur um erfðarmál, „Hvert renna eignir þínar“ og er óhætt að segja að það erindi hafi hitt beint í mark. Í desember fáum við Ástu Júlíu Arnardóttur fulltrúa Tryggingastofnunar Ríkisins með erindi um mál tengda greiðslum ellilífeyris og má heyra að mikill áhugi sé einnig fyrir hennar erindi.

Fastir liðir eins og síðastliðna vetur eru; púttmót, lengdarmót í golfhermun, mánaðarmót í golfhermi - spilaðir mismunandi vellir hvern mánuð, 30 mínútna fettu og brettu leikfimi og að sjálfsögðu félagsvist, jólabingó, jólaglens og verðlaunahending.

Á sumarmánuðum er mótaröð GM 65+ og leikir á heimavöllum GM eða farið í vinaferðir á nágrennavelli. Vel heppnað vinamót GKG og GM 65+ hélt áfram og var eins og í fyrra spilað heima og heiman. Að þessu sinni fór GM með glæsilegan sigur af hólmi og bikarinn kominn heim í hús. Mikill áhugi er fyrir þessu móti og komust færri að en vildu á báðum stöðum.

Sumarið endaði með frábærum „Ömmu- og afadegi“ í Bakkakoti og er dagurinn endurtekning þessa dags frá fyrra ári. 65+ snillingarnir buðu barnabörnum og yngri kylfingum GM að spila saman. Ánægja og gleði allra þátttakenda einkennt daginn sem endaði í glæsilegu pylsupartíi hjá okkar frábæru vertum í Bakkakoti.

Fjárhagsstaða GM 65+ er nokkuð góð og er fjármunum meðal annars varið í kaffimeðlæti, kaup vinninga, niðurgreiðslu viðburða og styrkja til barna- og unglingsstarfs klúbbsins.

Mikil gleði og þakklæti eru hjörtum okkar sem störfum í GM 65+ nefndinni til klúbbsins, skrifstofufólks og þjálfara sem hafa stutt við bakið á okkur, verið okkur innan handar nánast hvenær sem er og eru okkar leiðarljós áfram veginn.



Að lokum viljum við þakka öllum okkar flottu 65+ snillingum fyrir frábæra þátttöku og stuðning. Það er ekki sjálfgefið að svo stór hópur nái að mynda slíka einingu og vináttu sem við upplifum í GM 65+ og hver veit nema gildi okkar: virðing, umburðarlyndi, hjálpsemi, hómor og gleði séu einmitt leiðarljós og grunnsteinn þessa?

Kær kveðja og takk fyrir okkur formaður GM 65+ Hrefna Birgitta Bjarnadóttir

Skýrsla mótanefndar

Síðastliðið sumar var skemmtilegt sumar þegar kom að mótahaldi. Þetta er að mestu mjög líkt á milli ára og erum við orðnir nokkuð sjóaðir í því að halda mót á okkar völlum. Fyrsta mótið okkar er að venju Opna ECCO sem var haldið 18. maí og var þátttakan þar nokkuð góð eða rétt um 140 kylfingar sem mættu til leiks.

Í ágúst mánuði var Opna Dineout, það er vinsælt mót hjá okkur og það voru 232 kylfingar sem tóku þátt í því móti. Stærsta opna mótið okkar líkt og áður var Pallaopen og það er alltaf jafn gaman að taka þátt í því móti. Í ár voru þátttakendur 252 og tókst okkur að safna rétt um 3,5 milljónum króna til styrktar sumarbúðanna í Reykjadal. Það er gaman að sjá hversu vel okkar félagar mæta í þetta mót og gleðin skín af öllum andlitum. Af 252 kylfingum sem þátt tóku komu 168 þeirra úr Golfklúbbi Mosfellsbæjar.

Það er alltaf tilhlökkun þegar að meistaramótið okkar byrjar og við vorum svo heppinn að sumarið kom í meistaramótsvikunni okkar. Við fengum gott veður flesta daga og frábært veður síðustu dagana þannig að allir skemmtu sér konunglega.



Önnur mót sem við héldum voru Íslandsmót kvenna í holukeppni, Íslandsmót unglunga í högggleik ásamt Alþjóðalega unglíngamótinu okkar. Í Bakkakoti var haldið skemmtilegt nýliða og háförgjafarmót. Það er virkilega skemmtilegt mót og við munum klárlega halda því áfram. Svona mót eru vel til þess fallin fyrir kylfinga til þess að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Við vonumst svo sannarlega til þess að veðurfarið verði okkur hagstætt næsta sumar og við eigum eftir að sjá ykkur í mótum á okkar vegum næsta sumar.

Við í mótanefnd, Snorri, Viddi, Helgi og undirritaður þökkum kærlega fyrir sumarið.

Mótanefnd.

Skýrsla íþróttastjóra



Kvinnasveit GM | Íslandsmeistar golfklúbba 2024

Íþróttastarf Golfklúbbs Mosfellsbæjar hélt áfram að blómstra 2024. Fjölgun var hjá yngstu æfingahópunum eftir vel heppnuð golf- og leikjanámskeið barna í sumar. Alls voru 174 iðkendur sem sóttu golf- og leikjanámskeið hjá GM en haldin voru 7 námskeið. Miklar breytingar voru á uppbyggingu mótaraðanna af hálfu GSÍ og var iðkendum skipt í Golf14 (14 ára og yngri), Unglingamótaröðina (15-18 ára) og Stigamótaröðina (forgjafalægstu komast inn í mótin).

Þjálfarar í íþróttastarfinu voru Dagur Ebenezerðsson (Íþróttastjóri), Grétar Eiríksson, Andri Ágústsson, Katrín Dögg Hilmarsdóttir og Nick Carlson. Samhliða þjálfun í GM eru Andri og Katrín Dögg í PGA golfkennaraskólanum en þau útskrifast úr náminu sem fullgildir PGA golfkennarar vor 2025. Nick Carlson er atvinnukylfingur sem mun leika á Challenge mótaraðinni 2025 en hann sinnti kennslu í hlutastarfi hjá GM í sumar.

Alls unnust 8 Íslandsmeistaratitlar og þar ber helst að nefna Íslandsmeistaratitil kvinnasveitar GM í Íslandsmóti golfklúbba þriðja árið í röð.

Íslandsmeistaratitlar 2024

- Íslandsmeistarar golfklúbba í kvennaflokki
- Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki stúlkna U18
- Íslandsmeistari í höggleik í flokki 17 - 18 árs stúlkna: Auður Bergrún Snorradóttir

- Íslandsmeistari í höggleið í flokki 13 - 14 ára stúlkna: Sara María Guðmundsdóttir
- Íslandsmeistari í höggleið í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir
- Íslandsmeistari í höggleið í flokki 12 ára og yngri drengja: Ásgeir Páll Baldursson
- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 17 - 18 ára stúlkna: Eva Kristinsdóttir
- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 13 - 14 ára stúlkna: Sara María Guðmundsdóttir



Stúlknasveit GM, Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki 18 ára og yngri stúlkna



Auður Bergrún Snorradóttir, Íslandsmeistari í höggeik í flokki 17-18 ára stúlkna



Sara María Guðmundsdóttir, Íslandsmeistari í höggeik í flokki 13-14 ára stúlkna



Eiríka Malaika Stefánsdóttir, Íslandsmeistari í höggeik í flokki 12 ára og yngri stúlkna



Ásgeir Páll Baldursson, Íslandsmeistari í höggeik í flokki 12 ára og yngri drengja



Eva Kristinsdóttir, Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 17-18 ára stúlkna



Sara María Guðmundsdóttir, Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 13-14 ára stúlkna

Stigameistaratitlar 2024 (nú einungis fyrir unglíngamótaröð og stigamótaröð)

- Stigameistari 17-18 ára stúlkna: Auður Bergrún Snorradóttir



Auður Bergrún Snorradóttir, Stigameistari í flokki 17-18 ára stúlkna

Meistaramót GM | Barna- og unglíngaflokkar



Verðlaunaafhending í meistaramóti barna og unglunga 2024

Meistaramót barna og unglunga fór fram dagana 30. júní. - 2. júlí. Iðkendur 12 ára og yngri léku á tveimur keppnisdögum í Bakkakoti en flokkar 13 ára og eldri léku á Hlíðavelli á þremur keppnisdögum.



Verðlaunahafar í flokki 15-16 ára drengja:

1. Kristján Karl Guðjónsson
2. Áspór Sigur Ragnarsson
3. Grétar Logi Gunnarsson Bender



Verðlaunahafar í flokki 13-14 ára stúlkna:

1. Sara María Guðmundsdóttir



Verðlaunahafar úr 13-14 ára drengjaflokki:

1. Hjalti Kristján Hjaltason
2. Jóhannes Þór Gíslason
3. Tómas Ingi Bjarnason



Úrslit úr stúlknaflokki 12 ára og yngri:

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir
2. Rakei Þyri Kristmannsdóttir
3. Elva Rún Rafnsdóttir



Úrslit úr drengjaflokki 12 ára og yngri:

1. Guðlaugur Benjamín Kristinsson
2. Hafþór Atli Kristjánsson
3. Rafael Lár Magnússon



Úrslit úr stúlknaflokki 10 ára og yngri:

1. Edda María Hjaltadóttir



Úrslit úr dregjaflokki 10 ára og yngri:

1. Daníel Tristan Sigurlínarson
2. Andri Gunnar Maack
2. Brynjar Maack

Meistaramót GM

Meistaramót GM fór fram 30. júní - 6. júlí og fengu kylfingar síðari hluta vikunnar blíðskapaveður og skörtuðu vallarsvæðin sínu fegursta.

Klúbbmeistarar GM urðu þau Kristján Þór Einarsson og Berglind Erla Baldursdóttir. Þetta var í 6. sinn sem Kristján Þór sigrar en síðast var það 2019 en hjá Berglinni var þetta hennar fyrsti sigur í meistaraflokki.

Kristján Þór lék stórvel allt mótið og kom inn á nýju mótsmeti, hann var samtals 17 högg undir pari og bætti einnig vallarmetið á öðrum hring þegar hann kom inn á 64 höggum. Berglind Erla lék mjög stöðugt golf alla hringina. Á lokadegi og skilaði hún inn hring upp á 72 högg sem tryggði henni titillinn.
